

Fundargerð 399. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, föstudaginn 1. desember kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Mýrargötu 2, Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson. Ásta Pálmadóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar - 1712002HA

Rætt var um stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar en í honum er ekkert talað um hafnir. Nauðsynlegt er að vekja athygli samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á þeirri þörf sem er innan hafnageirans.

Samþykkt samhljóða að óska eftir fundi með Sigurði Inga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

2. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 398. fundar frá 25. október sl.

Fundargerðin samþykkt.

3. Umhverfismat og verkferlar varðandi dýpkunarframkvæmdir - 1711004HA

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, dags. 2. nóvember 2017, þar sem kemur fram að samkvæmt þeirra upplýsingum, frá Skipulagsstofnun, þá fellur allt varp í hafið undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Formanni falið að funda með Umhverfisstofnun vegna málsins.

4. Lög um mönnun hafsögu- og dráttarbáta - endurskoðun - 1612001HA

Lagt fram að nýju bréf, dags. 16. febrúar 2017, sem Hafnasamband Íslands sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna ákvæða í lögum nr. 30 frá 2007.

Samþykkt ítreka erindið og óska eftir fundi með nýjum ráðherra til að ræða erindið sem og önnur mál sem snerta hafnastarfsemi.

5. Samráðsnefnd Fiskistofu og hafnasambandsins - 1704004HA

Lögð fram til kynningar fundargerð samráðsfundar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands, dags. 20. september 2017.

6. Fjarvigtun - 1611007HA

Lagt fram svarbréf Neytendastofu, dags. 11. október 2017, við erindi Fiskistofu og Hafnasambands Íslands um tilraunir til fjarvigtunar.

Ákveðið að taka málið upp á fundi með ráðherra.

7. Lagastofnun - kynning á rannsóknarverkefni - 1711001HA

Lagður fram tölvupóstur Lagastofnun, dags. 20. október 2017, þar sem óskað er eftir því að fá að kynna rannsóknarverkefni Lagastofnunar um innviði og atvinnustarfsemi á norðurslóðum.

Stjórn tekur jákvætt í að fá kynningu um efnið snemma á næsta ári. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við Lagastofnun vegna málsins.

8. Hagsmunagreining vegna Brexit - óskað umsagnar - 1711003HA

Lagður fram tölvupóstur frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 27. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir athugasemdum hafnasambandsins við efni hagsmunagreiningar vegna Brexti.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu og vísa í bréf sem hafnasambandið sendi á ráðuneytið 13. febrúar 2017 vegna kortlagningar á áhrifum úrsagnar Bretlands úr ESB.

9. Öryggi í höfnum - 1711005HA

Lagt fram dreifibréf Hafnasambands Íslands og Samgöngustofu til hafna á Íslandi þar sem stjórnendur hafna landsins eru hvattir til að skoða sitt næsta umhverfi og leita leiða til að minnka hættuna á slysum í höfnum.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá bréfinu í samvinnu við Samgöngustofu og senda á aðildarhafnir.

10. Öryggisráðstefna Siglingaráðs - 1712001HA

Sigrún Árnadóttir, sem er fulltrúi hafnasambandsins í Siglingaráði, gerði grein fyrir öryggisráðstefnu Siglingaráðs og Slysavarnaskóla sjómanna sem haldin verður í febrúar 2018. Ósk hefur komið fram um að hafnasambandið haldi erindi á ráðstefnunni um öryggi í höfnum.

Stjórn hafnasambandsins tekur jákvætt í að halda erindi á ráðstefnunni.

11. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Formaður fræðslunefndar gerði grein fyrir þeim hugmyndum sem hafa verið ræddar.

Lúðvík Geirsson fór af fundi kl. 13:25.

12. 100 ára afmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands 2018 - 1708001HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.

13. Sorpmál í höfnum - 1605003_1HA

Rætt var um stöðu sorpmála í höfnum landsins. Formaður sagði frá vinnu sem er í gangi við að útbúa fyrirmynd sem hafnir geta sett inn í sínar gjaldskrár. Í þeirri fyrirmynd eru þó engar tölu þar sem það er ákvörðun hvernar hafnar að ákvarða gjaldskrá sína.

Í lok fundar þakkaði formaður Steinþóri Péturssyni fyrir samstarfið á liðnum árum fyrir hönd Hafnasambands Íslands og óskaði honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundi var slitið kl. 14:00

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Ásthildur Sturludóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson